

**Ed.**

**221. Nefndarálit**

um frv. til laga um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakilsá o. fl.

Frá fossanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Samt sem áður þykir nefndinni rjett að geta þess, að hún álitur orðið »óhæfilegir« í 2. gr. nokkuð teygjanlegt, en ekki sjeð ástæðu til að því yrði breytt.

Enn fremur er í frv. hvergi getið um, hve lengi virkjun megi dragast frá þeim tíma, er leyfi til virkjunar er fengið; en þar sem sýslufjelög eiga hjer hlut að máli, rafmagnið er eingöngu ætlað til almenningsnota og nefndin gerir ráð fyrir, að þetta atriði yrði fram tekið í leyfi ráðherra, getur hún fallst á, að nánari ákvæði um þetta sjeu ekki tekin upp í frv.

Alþingi, 2. apríl 1921.

Guðjón Guðlaugsson,  
formaður.

Guðm. Guðfinnsson,  
skrifari og framsögumaður.

Hjörtur Snorrason.

Sigurjón Friðjónsson.      Guðm. Ólafsson.